



Alþingi – nefndarsvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 29. apríl 2021

Efni: Umsögn um tillögu til þingslályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu – 705. mál.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) vísar til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 15. apríl 2021, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu til þingslályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026. Með tillögunni, sem gerð er á grundvelli 10. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er lagt til að við nágildandi landsskipulagsstefnu bætist við fjórir nýjir kaflar.

HMS fagnar framkominni tillögu og styður þær breytingar sem lagðar eru til á landsskipulagsstefnunni en vill benda á eftirfarandi atriði varðandi kafla 5.2.1 og 7.3.

Í lok kafla 5.2.1. um loftslagsvæna mannvirkjagerð er lagt til að við skipulagsgerð sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði tekin afstaða til þess hvort gera eigi sérstakar kröfur um vistvænar áherslur og kolefnisspor mannvirkjagerðar.

Ljóst er að sveitarfélög hafa einstakt tækifæri til að stuðla að hraðari þróun á vistvænni mannvirkjagerð með því að setja þess háttar kröfur við skipulagsgerð og deiliskipulag. Miðað við núverandi orðalag kaflans er sveitarfélögum hins vegar eingöngu ætlað að ákvarða á þeirri stundu hvort slíkar kröfur verði gerðar eður ei.

Nálgunin væri hnitmiðaðri og áhrifaríkari ef gengið væri út frá því að við skipulagsgerð og deiliskipulag tækju sveitarfélögin afstöðu um hvaða kröfur yrðu gerðar um vistvænar áherslur og kolefnisspor mannvirkjagerðar. Þannig felur slík breyting í sér enn meiri hvatningu gagnvart sveitarfélögum til að nota skipulagsgerðina og deiliskipulagið með áhrifaríkum hætti og útfæra þar nánar áherslur sínar og aðgerðir varðandi vistvæna uppbyggingu. Um leið útilokar hún þó ekki ákvörðun um að engar kröfur yrðu gerðar í þeim efnunum.

Því er lagt til að síðasta málsgrein í kafla 5.2.1. verði orðuð með eftirfarandi hætti (breytingartillaga skáletruð): „...Jafnframt verði tekin afstaða til þess í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, *hvaða kröfur eigi að gera* um vistvænar áherslur og kolefnisspor mannvirkjagerðar.“

Í kafla 7.3 er fjallað um fjölbreytt húsnæði sem mæti þörfum ólíkra hópa. Í kaflanum segir m.a. að skipulagi skuli skapa umgjörð um vandað íbúðarhúsnæði sem mæti þörfum ólíkra aldurs- og félagshópa og að stuðlað verði að gæðum íbúðarhúsnæðis, s.s. hvað varðar byggingarlist, birtu, hljóðvist og útirými.

Eitt af hlutverkum HMS er að styðja við uppbyggingu á hagkvæmu og viðeigandi húsnæði til að tryggja húsnæðisöryggi landsmanna og auka aðgengi að öruggu húsnæði á viðeigandi verði, hvort sem er til eigu eða leigu, m.a. fyrir tekju- og eignaminni einstaklinga og fjölskyldur. Byggir það m.a. á ákvæðum laga um húsnæðismál nr. 44/1998 og laga um almennar íbúðir nr. 52/2016. Í lögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra laga er að finna kröfur um hagkvæmni m.a. með það að markmiði að tryggja að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu væntanlegra kaupenda eða leigjenda. Í umræðunni hefur borið á áhyggjum yfir því að framangreindar hagkvæmnikröfur geri það að verkum að slakað sé á kröfum um gæði og að húsnæði sem byggt sé t.d. innan almenna íbúðakerfisins sé ekki eins vandað og annað húsnæði.



Hugtökin „vandað“ og „gæði“ eru mjög huglæg viðmið og því mikilvægt að skilgreint verði með betri hætti hvað teljist vandað húsnæði og í hverju gæði húsnæðis felist. Það er mat HMS að hagkvæmt húsnæði þurfi einnig að vera vandað enda telst húsnæði sem þarfnast mikils viðhalds til framtíðar hvorki vera vandað né hagkvæmt. Þá getur sýn á gæði húsnæðis verið ólík út frá ólíkum hópum og þörfum og því mikilvægt að þeir aðilar sem koma að stefnumótun í húsnæðismálum sem og hönnun og byggingu íbúðarhúsnæðis nái sameiginlegum skilningi á því hvað teljist vera vandað húsnæði og hvernig gæði þess séu metin. HMS leggur til að opinberir aðilar og hagsmunaaðilar vinni saman að skilgreiningu framangreindra hugtaka m.a. til þess að skýra hvernig markmiðum stefnunnar verði náð.

Virðingarfyllt
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar,

Rún Knútsdóttir,
lögfræðingur